



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun afmælisýningar
Breiðabliks
12. febrúar 2000**

Góðir afmælisgestir

Það er mér mikil ánægja að samfagna með ykkur hér í dag og ég óska Breiðabliki til hamingju á hálfrar aldar afmælinu.

Saga Breiðabliks er samofin einstæðri þróunarsögu Kópavogs. Félagið hefur verið í senn hjartað og sálin í mannlífi bæjarins, alið upp unga fólkið, veitt því þjálfun og þrek og skapað fyrirmyndir um heilbriggt líf, samstarf og vináttu.

Finnbogi Rútur Valdimarsson, frumkvöðull og forystumaður bæjarins í árdaga, sagði í kveðju til Breiðabliks á 10 ára afmæli félagsins: „Kópavogur er bær æskunnar, bær uppvaxandi ungmenna”. Þau orð eru svo sannarlega enn í gildi við upphaf nýrrar aldar, einkunnarorð glæsilegs ferils Breiðabliks og þess góða anda sem ávallt hefur ríkt á vettvangi félagsins.

Breiðablik hefur ekki aðeins alið upp vaskar sveitir í keppni og leik. Breiðablik hefur einnig verið vettvangur fyrir sjálfböðastarf hundruða og jafnvel þúsunda bæjarbúa, samtenging fjölskyldu og íþróttá, kjarninn í samgleði kynslóðanna.

Breiðabliki hefur tekist að ná góðum árangri í mörgum greinum og skapa sér sterkan sess í íþróttalífi okkar Íslendinga. Félagið hefur einnig fóstorað sérstakan anda sem fylgt hefur félagsmönnum og aðstandendum þeirra, veganesti sem nýtist ævina alla.

Á tímum vaxandi ólgu, freistinga sem mæta ungu fólki nánast við hvert fótímal, fíkniefna sem tortíma lífi fjölmargra á hverju ári og leggja í rúst heilsu einstaklinga og hamingju fjölskyldna og vina, þá er brýnna en

nokkru sinni fyrir að efla íþróttir og heilbrigði, vináttu og félagsskap sem verða kjölfesta á langri vegferð, hjálpa æskunni að feta sig áfram á braut heilbrigðs lífs, hamingju í leik og starfi. Breiðablik hefur því enn verk að vinna og á 50 ára afmælinu er félagið öflugra og sterkara en nokkru sinni fyrir.

Þið getið svo sannarlega horft með stolti yfir farinn veg og heilsað nýjum tíma með bjartsýni og baráttuvilja.

Kópavogur getur glaðst og þakkað á þessum tímamótum enda sýna glæsilegir vellir og stórbrotin íþróttamannvirki hve vel bæjarfélagið hefur kunnað að meta framlag Breiðabliks til að gera Kópavog með sanni „bæ æskunnar, bæ uppvaxandi ungmenna” svo vitnað sé á ný til orða þess manns sem fyrir á öldinni hafði hvað mest áhrif á vöxt og viðgang bæjarins.

Það er mér í senn ánægja og heiður að vera með ykkur hér í dag og opna sögusýningu Breiðabliks á þessum hátíðardegi og óska félaginu, ykkur öllum heilla og farsældar um alla framtíð.

Sögusýningu helguð Breiðabliki 50 ára er hér með opnuð.